

Aðalfundur foreldrafélags Víðistaðaskóla

Haldinn 31. Maí 2022 í Víðistaðaskóla

Formaður bauð gesti velkomna og að opna vefforrit (Slidedo) þar sem gestum verður gefinn kostur á að varpa fram spurningum og ábendingum.

Dagskrá aðalfundar:

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Formaður lagði til að hún sjálf, Kristjana Jokumsen yrði kosinn fundarstjóri og Halla S. Sigurðardóttir kosinn ritari. Samþykkt
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrluna má finna á heimasíðu Víðistaðaskóla.  
Umræða fór fram um skýrslu stjórnar. Spurt var eftir peningaframlagi sem foreldrafélagið ákvað að bjóða bekkjartenglum að nota til að gera krökkunum dagamun þar sem fella þurfti niður flesta viðburði sem vani er að halda. Hægt verður að nota það framlag út árið.
3. **Skýrslur nefnda.** Engar nefndir voru starfræktar á starfsárinu.
4. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
5. **Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Formaður kynnti rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir starfsárið 2021-2022. Foreldrafélagið er ágætlega stætt fjárhagslega enda lítið verið um viðburði á starfsárinu. Umræða fór fram um starf í kringum fjároflun 10. bekkjar, söngleik og hvað væri gert við afgang ef verður. Þá var spurt hvort eðlilegt væri að foreldrafélagið kæmi meira að því starfi. Formaður útskýrði að svo hefur ekki verið hingað til, verkefnið hefur verið hjá foreldratenglum í 10. bekk. Umræða fór fram, engar hefðir hafa skapast í kringum hvað gert er við afgang. Reynt er að nota sem mest í útskriftarferð þannig að krakkarnir njóti alls sem þau hafa safnað. Reikningur var lagður fram til samþykktar og samþykktur án athugasemda.
6. **Ákvörðun framlags félaga til félagsins.** Núverandi stjórn foreldrafélagsins leggur til að framlag verði óbreytt, 1500 kr. á heimili.
7. Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna.

Kristjana bauð sig fram sem formann til annars árs, endurkjörin með lófaklappi.

Linda og Halla bjóða sig fram til endurkjörs, það var samþykkt.

Framboð, Katrín Ösp (2. og 9. bekk)

Framboð Bergrún Íris, (8. bekk)

Framboð Björn, (1., 3. og 5. bekk)

Framboð Tinna Þöll (6. bekk)

Öll framboð voru samþykkt og er því foreldrafélagið fullmannað fyrir næsta starfsári.

#### **8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.**

Framboð, Brynja Einarsdóttir kosin skoðunarmaður.

#### **9. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði**

Linda Rún kynnti skýrslu fulltrúa í skólaráði. Skólaráð er samráðsvettvangur skólans og skólasamfélagsins. Í skólaráði sitja skólastjóri, 2 fulltrúar kennara, fulltrúar starfsfólks, 2 fulltrúar nemenda, 2 fulltrúar foreldra og 1 fulltrúa úr nærsamféluginu. Verkefni og umræður í skólaráði voru mjög fjölbreyttar á starfsárinu.

Umræða spannst um jafnréttisstefnu í skólanum og viðbrögð við neikvæðri hegðun og áreitni. Vinna þarf stöðugt með hegðun og viðhorf krakkanna og foreldrar þurfa að taka virkan þátt. Fjallað verður um könnun um hagi og líðan barna síðar á fundinum.

#### **10. Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins.**

Framboð, Linda Rún býður sig aftur fram sem fulltrúa foreldrafélagsins í skólaráði. Framboð, Sigrún Jóna.

Samþykkt.

#### **11. Önnur mál**

- a. Formaður óskaði eftir að ábendingum um **fræðsluþemu** hjá foreldrafélagi á næsta ári.
- b. **Skólareglur**, setja hefur þurft nýjar reglur til að bregðast við nýjum áskorunum. Rætt var hvernig slíkar reglur eru kynntar en ekki þarf að kynna reglurnar sérstaklega fyrir foreldrum. Foreldrafélagið hefur hins vegar á stefnu að ræða skólareglur á fyrsta opna fundi félagsins í haust.

Formlegum fundi slitið 20:32 en tveir voru haldnir í kjölfar fundar:

1. **Fyrirlestur - Svefn grunnstoð heilsu.** Inga Rún Björnsdóttir sálfræðingur í hjá Betri svefni fjallaði um mikilvægi svefns fyrir heilsu, líðan og árangur.
2. **Hagir barna.** Geir Bjarnason fór yfir niðurstöður úr könnun um hagi og líðan hafnfirskra unglings en ár hvert taka nemendur í 8.-10. bekk Hafnarfjarðar þátt í stórra landskönnun. Áskoranir tengdar nýjum vörum og varningi og tíðarandanum snúa í dag helst að notkun orkudrykkja og nikótínpúða, almennri líðan og ónægum svefni. Könnun ársins var framkvæmd í febrúar/mars. Sjá frétt og könnun:

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hagir-og-lidan-hafnfirskra-ungmenna->

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hagir-og-lidan-hafnfirskra-ungmenna-5QrYud6Y>

Aðalfundur foreldrafélags Víðistaðaskóla

Haldinn 31. Maí 2022 í Víðistaðaskóla

Formaður bauð gesti velkomna og að opna vefforrit (Slidedo) þar sem gestum verður gefinn kostur á að varpa fram spurningum og ábendingum.

Dagskrá aðalfundar:

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Formaður lagði til að hún sjálf, Kristjana Jokumsen yrði kosinn fundarstjóri og Halla S. Sigurðardóttir kosinn ritari. Samþykkt
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrluna má finna á heimasíðu Víðistaðaskóla.  
Umræða fór fram um skýrslu stjórnar. Spurt var eftir peningaframlagi sem foreldrafélagið ákvað að bjóða bekkjartenglum að nota til að gera krökkunum dagamun þar sem fella þurfti niður flesta viðburði sem vani er að halda. Hægt verður að nota það framlag út árið.
3. **Skýrslur nefnda.** Engar nefndir voru starfræktar á starfsárinu.
4. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
5. **Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Formaður kynnti rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir starfsárið 2021-2022. Foreldrafélagið er ágætlega stætt fjárhagslega enda lítið verið um viðburði á starfsárinu. Umræða fór fram um starf í kringum fjároflun 10. bekkjar, söngleik og hvað væri gert við afgang ef verður. Þá var spurt hvort eðlilegt væri að foreldrafélagið kæmi meira að því starfi. Formaður útskýrði að svo hefur ekki verið hingað til, verkefnið hefur verið hjá foreldratenglum í 10. bekk. Umræða fór fram, engar hefðir hafa skapast í kringum hvað gert er við afgang. Reynt er að nota sem mest í útskriftarferð þannig að krakkarnir njóti alls sem þau hafa safnað. Reikningur var lagður fram til samþykktar og samþykktur án athugasemda.
6. **Ákvörðun framlags félaga til félagsins.** Núverandi stjórn foreldrafélagsins leggur til að framlag verði óbreytt, 1500 kr. á heimili.
7. Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna.

Kristjana bauð sig fram sem formann til annars árs, endurkjörin með lófaklappi.

Linda og Halla bjóða sig fram til endurkjörs, það var samþykkt.

Framboð, Katrín Ösp (2. og 9. bekk)

Framboð Bergrún Íris, (8. bekk)

Framboð Björn, (1., 3. og 5. bekk)

Framboð Tinna Þöll (6. bekk)

Öll framboð voru samþykkt og er því foreldrafélagið fullmannað fyrir næsta starfsári.

#### **8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.**

Framboð, Brynja Einarsdóttir kosin skoðunarmaður.

#### **9. Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði**

Linda Rún kynnti skýrslu fulltrúa í skólaráði. Skólaráð er samráðsvettvangur skólans og skólasamfélagsins. Í skólaráði sitja skólastjóri, 2 fulltrúar kennara, fulltrúar starfsfólks, 2 fulltrúar nemenda, 2 fulltrúar foreldra og 1 fulltrúa úr nærsamféluginu. Verkefni og umræður í skólaráði voru mjög fjölbreyttar á starfsárinu.

Umræða spannst um jafnréttisstefnu í skólanum og viðbrögð við neikvæðri hegðun og áreitni. Vinna þarf stöðugt með hegðun og viðhorf krakkanna og foreldrar þurfa að taka virkan þátt. Fjallað verður um könnun um hagi og líðan barna síðar á fundinum.

#### **10. Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins.**

Framboð, Linda Rún býður sig aftur fram sem fulltrúa foreldrafélagsins í skólaráði. Framboð, Sigrún Jóna.

Samþykkt.

#### **11. Önnur mál**

- a. Formaður óskaði eftir að ábendingum um **fræðsluþemu** hjá foreldrafélagi á næsta ári.
- b. **Skólareglur**, setja hefur þurft nýjar reglur til að bregðast við nýjum áskorunum. Rætt var hvernig slíkar reglur eru kynntar en ekki þarf að kynna reglurnar sérstaklega fyrir foreldrum. Foreldrafélagið hefur hins vegar á stefnu að ræða skólareglur á fyrsta opna fundi félagsins í haust.

Formlegum fundi slitið 20:32 en tveir voru haldnir í kjölfar fundar:

1. **Fyrirlestur - Svefn grunnstoð heilsu.** Inga Rún Björnsdóttir sálfræðingur í hjá Betri svefni fjallaði um mikilvægi svefns fyrir heilsu, líðan og árangur.
2. **Hagir barna.** Geir Bjarnason fór yfir niðurstöður úr könnun um hagi og líðan hafnfirskra unglings en ár hvert taka nemendur í 8.-10. bekk Hafnarfjarðar þátt í stórra landskönnun. Áskoranir tengdar nýjum vörum og varningi og tíðarandanum snúa í dag helst að notkun orkudrykkja og nikótínpúða, almennri líðan og ónægum svefni. Könnun ársins var framkvæmd í febrúar/mars. Sjá frétt og könnun:

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hagir-og-lidan-hafnfirskra-ungmenna->

<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hagir-og-lidan-hafnfirskra-ungmenna-5QrYud6Y>